

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1943.

*Fjárlög fyrir árið 1943, undirskrifuð af ríkisstjóra 16. febrúar 1943, nr. 14.*

*Lög um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1943, undirskrifuð af ríkisstjóra 26. febrúar 1943, nr. 15.*

*Lög um orlof, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 16.*

*Lög um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927, og um afnám laga nr. 34 27. júní 1941, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 17.*

*Lög um breyting á lögum nr. 27 23. júní 1932, um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 18.*

*Lög um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðinni Höfn í Siglufirði, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 19.*

*Lög um búfjártryggingar, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 20.*

*Lög um heimild til að selja Stagley, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 21.*

*Lög um breyting á lögum nr. 58 28. jan. 1935, um hafnargerð á Hornafirði, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 22.*

*Hafnarlög fyrir Keflavík, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 23.*

*Lög um lendingarbætur í Bakkagerði í Borgarfirði, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 24.*

### REGLUGERÐ

#### um hámarksökuhraða bifreiða.

23

17. febr.

1. gr.

Ökumhraði bifreiða og bifhjóla utan kaupstaða og kauptúna má aldrei vera yfir 45 km á klukkustund.

Reglugerð þessi er hér með sett samkv. 26. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Dómsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1943.*

Einar Arnórsson.

*Gústav A. Jónasson.*

### REGLUGERÐ

#### um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða.

24

18. febr.

1. gr.

Heildsölum og smásölum er bannað að láta úti benzín með öðrum hætti en ákveðið er í reglugerð þessari.

Allir þeir, sem eiga eða hafa undir höndum benzínbirgðir fram yfir það, sem er á geymum farartækja, eru skyldir að viðlögðum drengskap, að tilkynna lögreglustjóra strax eftir að reglugerð þessi gengur í gildi, hversu miklar slíkar benzínbirgðir þeirra eru þá.

4